

Mánudaginn 23. marz 1970.

Nr. 47/1970. **Halldór Magnússon**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Hraðfrystihúsi Tálknafjarðar h/f
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. marz 1970. Hann áfrýjaði upphaflega með stefnu 10. nóvember 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. nóvember 1969, en útivistardómur gekk í því máli 2. marz 1970. Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 1.820.340.60 ásamt 7% ársvöxtum frá 30. marz 1961 til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. þ. m., hefur Halldór Magnússon, Norður-Botni, Tálknafirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 29. nóvember 1968, á hendur Hraðfrystihúsi Tálknafjarðar h/f, Tálknafirði, Barðastrandarsýslu, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.820.340.60 með 7% ársvöxtum frá 30.

marz 1961 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi að skaðlausu, en til vara, að fjárhæð dómkröfu stefnanda verði stórlega lækkuð eftir mati dómsins og málskostnaður þá látinn niður falla.

Leitast hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Aðiljar máls þessa eru sammála um að reka málið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Málavextir eru þessir:

Hinn 30. marz 1961 varð stefnandi fyrir því slysi við vinnu sína í fiskimjölsverksmiðju stefnda að lenda með vinstri hönd í beinatatara, sem staðsettur var utanhúss við fiskimjölsverksmiðjuna á Tálknafirði, með þeim afleiðingum, að taka varð höndina af um það bil 10 cm ofan við úlnliðinn.

Dómsrannsókn út af slysi þessu hófst 5. apríl 1961 í sakadómi Barðastrandarsýslu. Kom þá verkstjóri stefnda, Helgi Elíasson, fyrir dóminn, og 14. apríl kom stefnandi sjálfur fyrir réttinn.

Stefnandi er fæddur 8. marz 1945 og hefur því nýlega verið orðinn 16 ára gamall, þegar slysið varð. Mun hann hafa unnið í frystihúsi stefnda frá upphafi vetrarvertíðar 1961 og gengið þar að ýmsum störfum. Viku áður en slysið varð, hafði hann verið settur til verks í fiskimjölsverksmiðju stefnda. Unnið var á vöktum í fiskimjölsverksmiðjunni. Voru tveir menn saman á vakt. Var verksvið annars inni í verksmiðjuhúsinu að gæta véla verksmiðjunnar. Hinn starfsmaðurinn vann utan dyra. Þar var staðsettur fiskbeinatatari rétt utan við inngögdur í verksmiðjunna. Var verkefni þess starfsmanns að moka fiskbeinum upp í tæki þetta. Fiskbeinatatara þessum hafði verið komið fyrir á vinnustaðnum af starfsmönnum frá Landssmiðjunni. Utan um fiskbeinatatara var trékassi, nefndur beinakassi. Hann var luktur á allar hliðar og stóð á trépalli. Samkvæmt uppdrætti af kassa þessum, gerðum af Bjarna Andræssyni, vélvirkja frá Búðardal, samkvæmt tilmælum sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, eru mál kassans sem hér segir: hæð frá jörðu 115 cm öðrum megin, en 105 cm hinum megin. Stærð kassans að ofan var 141 cm $\times$ 151 cm. Yfir kassanum var lok, en í lokinu nálægt miðju var ferhyrnt gat um 30 cm $\times$ 45 cm að stærð. Niður um gat þetta voru beinin lätin. Niðrundan gatinu var sívalningur alsettur hnífum,

en á móti þeim voru fastir hnífar í kassanum. Fjarlægð frá brún opsins á kassalokinu niður að hnífaoddunum á sívalningnum var 18 cm. Beinátætarinn gekk fyrir rafmagni. Þegar tætarinn var í gangi, snerist fyrrgreindur sívalningur, og tættust fisk-beinin sundur milli hnífa hans og hinna föstu hnífa, er áður greinir. Frá beinakassanum lá sérstakur flytjari (snigill), er flutti beinamjölið inn í verksmiðjuna.

Helgi Elíasson, verkstjóri í fiskimjölsverksmiðjunni, skýrði svo frá fyrir sakadómi Barðastrandarsýslu hinn 5. apríl 1961, að stefnandi og hann hefðu komið á vakt hinn 30. marz 1961 kl. 1600. Hafi stefnandi komið inn og náð sér í yfirhöfn og síðan farið út að beinátætaranum til þess að moka í hann beinum. Skömmu síðar hafi maður nokkur komið inn í verksmiðjuna og sagt, að stefnandi væri fastur í tætaranum. Hafi þá Bragi Friðriksson rafvirki verið staddur í verksmiðjunni og strax hlaupið að öryggjunum fyrir tætarann og skrúfað þau úr, til að tætarinn stöðvaðist, en sjálfur kvaðst Helgi hafa hlaupið út. Hafi stefnandi þá legið á maganum á tætarakassanum og vinstri hönd hans verið föst í tætaranum, en með hægri hendi hafi hann haldið í opið á tætarakassanum. Sagði Helgi, að sér hefði fljótlega tekizt að losa vinstri hönd stefnanda og hafi hún þá verið tætt upp að úlnlið. Hafi strax verið bundið til bráðabirgða um sárið og lækningum á Patreksfirði tilkynnt um slysið. Hafi stefnanda verið komið í bát áleiðis til Patreksfjarðar 10 mínútum eftir slysið og til Patreksfjarðar hafi hann komið innan klukkustundar, frá því að slysið varð.

Helgi kvað verk stefnanda hafa verið í því fólgið að setja beinin ofan um opið á tætarakassanum með sting. Í frostum komi það fyrir, að tætarinn stöðvist vegna þess, að beinin séu frosin eða að of mikið sé látið í tætarann í einu, þá spryngi öryggi. Örygginn séu venjulega 25 ampera öryggi. Þegar tætarinn stöðvist, kveðst Helgi sjálfur hafa farið út til að hreinsa tætarann og geri hann það með sting. Hann kvaðst hafa bannað stefnanda að hreinsa tætarann. Hann kvaðst margoфт hafa varað stefnanda við að fara upp á tætarakassann og fara með hendurnar niður í hann. Ekki sé hægt að fara með höndina niður í tætarann, nema með því að fara upp á tætarakassann eða þá með því að standa uppi á flytjaranum og teygja höndina þaðan í tætarann. Hann kvaðst margoфт hafa sagt stefnanda að fara aldrei upp á tætarakassann og ekki heldur að vera að fíkta í honum með sting, en það kvaðst Helgi einu sinni hafa séð stefnanda gera. Hafi stefnandi þá lofað

að gera það aldrei aftur. Helgi kvaðst hafa spurt stefnanda að því, því í ósköpunum hann hefði farið upp á kassann. Hafi stefnandi þá sagt, að hann hefði ætlað að ýta kola ofan í tætarann. Stefnandi hafi verið með ullarbelgvettlinga á höndum. Taldi hann líklegt, að tætaratennurnar hefðu náð í vettlinginn og stefnandi reynt að halda í hann og svo lent í tönnunum. Hafi stefnandi verið í úlpu og rifið hafi verið framan af ermi hennar.

Hinn 14. apríl 1961 kom stefnandi fyrir sakadóm Barðastrandarsýslu og skýrði svo frá, að hann hefði strax byrjað að setja bein í tætarann með sting, þegar hann kom á vakt. Hafi hér verið um steinbítsbein að ræða og þau verið töluvert freðin. Hafi beinin lagzt fyrir kassaopið. Kvaðst stefnandi þá hafa farið upp á tætarakassann til þess að laga beinin. Koli hafi verið í kassanum, sem tætarinn hafi ekki tekið (tennurnar náðu ekki), og ætlaði stefnandi, sem var með ullarbelgvettlinga, að setja steinbítsbein fyrir aftan kolann. Hélt hann í sporðinn á steinbítum og lét hausinn niður í kassann. Lá stefnandi á maganum á kassanum, þegar hann var að þessu. Hann kvaðst hafa haldið í steinbítinn með vinstri hendi og hafi vettlingurinn festst í steinbítsbeininu og dregið höndina niður í tætarann með þeim afleiðingum, að höndin tættist í sundur. Stefnandi sagði, að vettlingurinn hefði verið nokkuð þröngur um úlnliðinn. Aðspurður sagði stefnandi, að Helgi verkstjóri hefði verið búinn að banna sér að fara upp á tætarakassann og þegar tætarinn stöðvaðist, hafi Helgi alltaf hreinsað tætarann sjálfur.

Hinn 6. júní 1969 kom vitnið Bragi Friðfinnsson rafvirki fyrir bæjarþing Reykjavíkur. Skýrði hann svo frá, að hann hefði lagt rafmagn að beinakassa þeim, sem hér um ræðir. Hafi rofi fyrir kassann verið staðsettur á hlið flytjarans, rétt við beinakassann. Vitnið mundi ekki að greina frá því, hvort Öryggis-eftirlit ríkisins hefði skoðað og tekið úr beinakassann og búnað hans fyrir slysið, en hins vegar hafi verið búið að taka út raflögnina fyrir slysið. Vitnið áleit, að verksmiðja þessi hefði verið gömul og að hún hefði komið úr togara eða hluti hennar, en menn á vegum Landssmiðjunnar hefðu sett hana upp á Tálknafirði og jafnframt smíðað flytjarann, sem hafi verið nýr. Vitnið kvaðst hafa fengið rafvirkjameistara að nafni Matthías Kristjánsson til að yfirfara raflögnina í verksmiðjunni og tilkynna hana, eftir að vitnið var búið að leggja lögnina. Vitnið kvað rafvirkjameistara þennan hafa verið vanan raflögnum í síldarverksmiðjum. Aðspurður kvaðst Bragi Friðfinnsson vera kvæntur fósturdóttur

Alberts Guðmundssonar, sem verið hafði forstjóri Hraðfrystihúss Tálknafjarðar h/f og eigandi að litlu leyti á þessum tíma, en hann sé nú látinn.

Stefnandi hefur mótmælt framburði þessum sem röngum að svo miklu leyti sem hann fari í bága við málsskýringar sínar.

Páll Sigurðsson læknir hefur skoðað stefnanda og metið örorku hans af völdum slyssins þannig: „Í 6 mánuði 100% örorka. Í 6 mánuði 75% örorka og síðan varanleg örorka 65%“.

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Þórir Bergsson, cand. act., reiknað út vinnutekjutap stefnanda vegna slyssins. Er útreikningur tryggingafræðingsins gerður 18. apríl 1968, og byggir stefnandi dómkröfur sínar á honum, en þær eru sundurliðaðar á eftirfarandi hátt:

1. Örorkutjón vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku samkvæmt útreikningi Þóris Bergssonar, cand. act., kr. 1.567.565.00	
÷ Greiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins	— 52.054.40
	Kr. 1.515.540.60
2. Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og lýti	— 300.000.00
3. Útlagður kostnaður vegna mats á örorku og útreiknings á örorkutjóni	— 4.800.00
	Samtals kr. 1.820.340.60

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt uppdráttum, sem gerðir hafi verið að tilhlutan rannsóknardómarans á tætaranum og beinakassa þeim, sem hann var staðsettur í, komi í ljós, að tætarapið sé algerlega óvarið og aðeins 18 cm séu frá opinu í sjálfum tætaranum, þ. e. tætarahjólin. Útbúnaður tætarans virðist því vera algerlega ófullnægjandi og stórhættulegur, enda hafi hann ekkert verið notaður, eftir að stefnandi slasaðist, og verið tekinn niður þá um vorið. Enn fremur heldur stefnandi því fram, að það hafi verið óforsvaranlegt að staðsetja tætara þennan utanhúss, þar sem bein þau, sem mokað hafi verið í hann, hafi oft verið frosin, þegar þannig viðraði, og því valdið stíflu í tætaranum. Þá telur stefnandi, að verkstjórn og eftirlit hafi verið ófullnægjandi af hálfu stefnda, þegar slysið varð. Stefnandi hafi þá nýlega verið orðinn 16 ára gamall og verið látinn vinna einn án nægilegrar umsjónar við verk, sem teljast megi mjög hættulegt. Telur stefnandi, að öryggisbúnaður tætarans hafi

verið ófullnægjandi, og heldur því fram, að enginn rafmagnsrofi hafi verið við tætarann sjálfan að utanverðu, heldur inni í húsinu, og það uppi undir lofti.

Að endingu hélt stefnandi því fram við munnlegan flutning málsins, að verksmiðja þessi hefði aldrei verið tekin út af Öryggis-eftirliti ríkisins, og enn fremur hélt hann því fram, að Öryggis-eftirlitinu muni ekki hafa verið tilkynnt slys þetta, svo sem lögskýlt sé samkvæmt 26. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Stefndi hefur sérstaklega mótmælt þessum nýju málsástæðum stefnanda við munnlegan málflutning sem of seint fram komnum.

Stefndi reisir sýknukröfur sínar á því, að slysið verði eigi rakið til neinna þeirra atvika eða áhættu, er stefndi beri fébótaábyrgð á. Verk það, sem stefnandi vann, hafi verið óvenjulega einfalt og með öllu hættulaust. Tæki það, sem stefnandi vann við, hafi verið í fullkomnu lagi og frágangur þess og allur búnaður óaðfinnanlegur. Stefnandi hafi fengið fyrirmæli um, hver viðbrögð hann skyldi hafa í frammi, ef tækið stöðvaðist vegna þess, að bein festust í tætaranum. Hann hafi þá átt að kveðja til verkstjóra sinn, sem ávallt hafi verið nærstaddur, og láta hann um að koma tætaranum í gang á nýjan leik. Þetta sé viðurkennt af stefnanda. Stefnandi hafi verið bannað að fara upp á tætarakassann, enda hafi hann ekkert erindi getað átt þangað. Þá hafi honum einnig verið bannað að fíkta við tætarann og hafi hann einnig viðurkennt það.

Af þessu telur stefndi augljóst, að stefnandi hafi sjálfur átt alla sök á slysinu. Hann hafi brugðizt starfsskyldum sínum og vikizt undan fyrirmælum og banni yfirboðara síns með því að fara upp á beinakassann og enn fremur gerzt sekur um hið einstæða glapræði að stinga hendinni niður um opið yfir tætaranum. Hann hafi meira að segja vanrækt að rjúfa strauminn til tætarans áður, enda þótt rofinn væri innan seilingar hans. Þetta framferði stefnanda verði hvorki réttlætt með reynsluleysi hans né ungum aldri. Þá mótmælir stefndi því sem alröngu, að stefnandi hafi eigi haft tök á því að stöðva tætarann sjálfur, þar sem rofinn fyrir hann hafi verið inni í verksmiðjunni, en vantað á sjálft tækið.

Stefndi mótmælir því, að slys þetta hafi verið ástæðan fyrir því, að beinatætarinn hafi verið tekinn úr notkun og annar nýr fenginn í staðinn. Þar hafi ekki komið annað til heldur en hagkvæmniástæður. Stefnandi mótmælir því sem rakalaus, að skort

hafi á verkstjórn af hans hálfu. Bendir hann á, að verk stefnanda hafi verið einfalt og verkstjóri hans hafi verið á næstu grösum og viðurkennt sé af stefnanda, að hann hafi brotið gegn fyrir-mælum og banni verkstjóra síns.

Að endingu hefur stefndi mótmælt þeirri málsástæðu stefnanda sem of seint fram kominni, að slys þetta hafi eigi verið tilkynnt Öryggiseftirliti ríkisins. Sérstaklega bendir stefndi á, að þetta geti eigi leitt til bótaábyrgðar stefnda, þar sem slys þetta hafi verið rannsakað af sakadómi Barðastrandarsýslu og sé því að öllu leyti nægilega upplýst.

Rétturinn lítur svo á, að slysið verði hvorki rakið til vanbúnaðar á vinnustað, skorts á öryggisbúnaði né til ófullnægjandi verkstjórnar, enda var starf það, sem stefnandi vann, einfalt og með öllu hættulaust. Stefndi fór upp á beinakassann og tók að fíkta við opið yfir tætaranum, meðan hann var í gangi. Með þessu sýndi hann af sér stórkostlegt gáleysi, braut í bága við fyrir-mæli verkstjóra síns og stofnaði sjálfum sér í þá hættu, sem leiddi til hins hörmulega slyss. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að telja, að stefnandi eigi sjálfur alla sök á slysi sínu. Af þessum sökum verður eigi hjá því komizt að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, enda telst mál þetta nægilega upplýst, og verður stefnda því eigi dæmt áfall með þeim rökum, að hann hafi vanrækt að tilkynna Öryggiseftirliti ríkisins slysið.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Péturssyni vélstjóra og Þórði Gröndal vélaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Hraðfrystihús Tálknafjarðar h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Halldórs Magnússonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.
